

MOLAR

Topplag

Killing Me Softly gæti orðið eitt af vinsælli lögum ársins ef heldur fram sem horfir. Lagið er búið að vera sex vikur á lista, þar af fimm vikur í toppsætinu. Þetta er endurgerð gamals lags Robertu Flack frá árinu 1973.

Hástökkið

Hástökk vikunnar kemur í hlut sveitarinnar La Bouche með lagið Sweet Dreams. Það lag fór rólega af stað á Íslenska listanum, kom inn í 27. sæti fyrir þremur vikum, fór í 26. sæti fyrir hálfum mánuði, sat í sama sæti í síðustu viku en stekkur nú upp í 15. sæti.

Hæsta nýja lagið

Það er ekki nóg með að hljómsveitin Fugees eigi topplag íslenska listans heldur á hún einnig hæsta nýja lag listans. Það er lagið Ready or Not sem kemst alla leið í 9. sætið á sinni fyrstu viku.

Shakur brýtur skilorð

Rapparin Tupac Shakur á í stöðugu stappi við yfirvöld vestanhafs vegna sakamála. Hann hefur nú fengið fyrirskipun um að mæta til fangelsisafplánunar eigi síðar en 7. júní og gæti þá þurft að sitja inni í fjóra mánuði. Ástæðan fyrir því að hann er kallaður inn núna er brot á skilorði en Shakur hlaut á síðasta ári dóm fyrir líkamsárás og hluti af dómmum var fölginn í vinnu í þágu almennings. Hann lét hins vegar aldrei sjá sig í vinnunni og skal því bak við lás og slá.

Vedder hótad öllu illu

Eddy Wedder, söngvari Pearl Jam, er í felum þessa dagana vegna þess að einhver rugldallur hefur hótad honum lífláti og ýmsu þaðan af verra. Ástæðan fyrir þeirri fæð sem maðurinn leggur á Vedder er sú að kærastan hans lét hann róa þar sem hún varð svo yfir sig hrifin af söngvaranum. Og meðan lögreglan leitar að elskhuganum heldur Vedder sig til hlés.



ÍSLENSKI LISTINN

í boði **Coca-Cola** á Bylgjunni á laugardag kl. 16.00

ÍSLENSKI LISTINN NR. 169

vikuna 11.5. - 17.5. '96

ÞESSI VIKU	SÍÐASTA VIKU	FYRIR 2 VIKUM	VIKUR Á LISTANUM	TOPP 40	
... 5. VIKU NR. 1 ...					
1	1	1	6	KILLING ME SOFTLY	FUGEES
2	2	3	6	LEMON TREE	FOOL'S GARDEN
3	3	2	4	I REALLY LOVED HAROLD	EMILIANA TORRINI
4	7	15	4	BECAUSE YOU LOVED ME	CELINE DION
5	9	29	3	BREAKFAST AT TIFFANY'S	DEEP BLUE SOMETHING
6	6	5	5	1,2,3,4 (SUMPIN' NEW)	COOLIO
7	4	4	5	STUPID GIRL	GARBAGE
8	8	8	6	FIRESTARTER	PRODIGY
... NYTT Á LISTA ...					
9	NYTT		1	READY OR NOT	FUGEES
10	11	33	3	CAN'T GET YOU OFF MY MIND	LENNY KRAVITZ
11	15	-	2	L'OMBELICO DEL MONDO	JOVANOTTI
12	14	20	6	GAS	FANTASÍA OG STEFÁN HILMARSSON
13	13	17	7	YOU DON'T FOOL ME	QUEEN
14	5	7	3	X-FILES	DJ. DADO
... HÁSTÖKK VIKUNNAR ...					
15	26	26	4	SWEET DREAMS	LA BOUCHE
16	NYTT		1	IT'S RAINING MAN	WEST END GIRLS
17	25	24	4	PIU BELLA COSA	EROS RAMAZZOTTI
18	23	23	5	FAST LOVE	GEORGE MICHAEL
19	28	34	3	RETURN OF THE MACK	MARK MORRISON
20	20	25	3	I WILL SURVIVE	CHANTAY SAVAGE
21	22	28	4	GIVE ME A LITTLE MORE TIME	GABRIELLE
22	12	12	5	DEAD MAN WALKING	BRUCE SPRINGSTEEN
23	10	6	8	WEAK	SKUNK ANASIE
24	24	-	2	THREE IS A MAGIC NUMBER	BLIND MELON
25	NYTT		1	OLD MAN & ME (WHEN I GET TO HEAVEN)	HOOTIE & THE BLOWFISH
26	17	16	10	CALIFORNIA LOVE	2 PAC & DR. DRE
27	21	19	10	LET YOUR SOUL BE YOUR PILOT	STING
28	NYTT		1	DIZZY	SPOON
29	39	40	3	JOURNEY	PAPA DEE
30	32	38	3	MISSION OF LOVE	SIX WAS NINE
31	NYTT		1	SATURNUS	VINIR VORS OG BLÓMA
32	19	10	10	YOU LEARN	ALANIS MORISSETTE
33	40	-	2	SALVATION	CRANBERRIES
34	NYTT		1	ALWAYS BE MY BABY	MARIAH CAREY
35	16	9	9	CHILDREN	ROBERT MILES
36	37	-	2	SOMETHING DIFFERENT	SHAGGY
37	NYTT		1	SINGING IN THE SUN	VIRIDIAN GREEN
38	18	14	9	BIG ME	FOO FIGHTERS
39	NYTT		1	BEFORE	PET SHOP BOYS
40	NYTT		1	DOIN'IT	LL COOL J

Kynnir: Jón Axel Ólafsson

Íslenski listinn er samvinnuverkefni Bylgjunnar, DV og Coca-Cola á Íslandi. Listinn er niðurstaða skoðanakönnunar sem er framkvæmd af markaðsdeild DV í hverri viku. Fjöldi svarenda er á bilinu 300 til 400, á aldrinum 14 til 35 ára af öllu landinu. Jafnframt er tekið mið af spílun þeirra á íslenskum útvarpsstöðvum. Íslenski listinn birtist á hverjum laugardegi í DV og er frumfluttur á Bylgjunni kl. 14.00 á sunnudögum í sumar. Listinn er birtur, að hluta, í textavarpi MTV sjónvarpsstöðvarinnar. Íslenski listinn tekur þátt í vali "World Chart" sem framleiddur er af Radio Express í Los Angeles. Einnig hefur hann áhrif á Evrópulistann sem birtur er í tónlistarblaðinu Music & Media sem er rekið af bandaríska tónlistarblaðinu Billboard.



Yfirumsjón með skoðanakönnun: Hrafnhildur Kristjánsdóttir - Framkvæmd könnunar: Markaðsdeild DV - Tölvuvinnsla: Dódo - Handrit: Sigurður Helgi Hliðversson, Agúst Héðinsson og Ivar Guðmundsson - Tæknistjórn og framleiðsla: Þorsteinn Ásgeirsson og Þráinn Steinsson - Útsendingstjórn: Halldór Backman og Jóhann Garðar Ólafsson - Yfirumsjón með framleiðslu: Agúst Héðinsson - Kynnir: Jón Axel Ólafsson

MOLAR

Dyrkeyptur dans

Liam Tyson, gítarleikari bresku hljómsveitarinnar Cast, varð fyrir því óhappi á ferð í Japan á dögum að axlarbrotna og kom með því í veg fyrir að hljómsveitin gæti hitað upp fyrir Oasis á tónleikum í Bretlandi nokkrum dögum síðar. Tyson var að skemmta sér á veitingahúsi í Tokyo ásamt félögum sínum og barst leikurinn upp á borð en þar sem kappinn var eitthvað rykaður í kollinum endaði gamanið með því að hann steyptist á hausinn á gólfu. Hann harkaði þó af sér og hélt djamminu áfram en uppgötvaði það svo morguninn eftir að líklega hefði eitthvað farið úrskeldis við fallið. Við rannsókn kom í ljós að Tyson var axlarbrotninn og verður hann frá spilamennsku næstu vikurnar.

Michael erkibóndi

Michael Jackson stendur sífellt í stórræðum og fréttir hafa nú borist af því að hann hafi fest kaup á húsakynnum undir sig og sína í Frakklandi. Og menn eins og Michael þurfa gott rými þannig að ekki dugði minna en búgarður upp á 700-800 milljónir króna. Ekki fylgir sögunni hvar búgarðurinn er en talið er að hann sé í Suður-Frakklandi.

Rappari í valinn

Victor Ray Wilson, sem var einn af stofnendum rappsveitarinnar Body Count, lést fyrir nokkru í Los Angeles, 37 ára að aldri. Wilson, sem var trommuleikari sveitarinnar til dauðadags, lést ekki vegna ofneyslu fíkniefna eða annars ólífnaðar heldur var það krabbamein sem lagði hann að velli. Body Count var stofnuð árið 1989 og var rapparin Ice-T forystusaður þar á bæ. Sveitin er þekktust fyrir það fjádrak sem hún vakti með laginu Cop Killer en lagið var bannað út og suður um allan heim fyrir að hvetja til ofbeldis gegn lögreglumönnum. Hljómsveitin hafði lokið við upptökur á nýrri plötu skömmu áður en Wilson lést.

-SpS-

